

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunnaskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 18. TBL.

30. JANÚAR 2009

Drög að endurskoðaðri skólastefnu í umsögn

Skólastefna Hafnarfjarðar var samþykkt árið 2005. Þar voru til mæli um að hún skyldi endurskoðuð eftir þrjú ár. Allt árið 2008 hefur skólastefnan verið í endurskoðuð samkvæmt vinnuferli sem fræðsluráð Hafnarfjarðar samþykkti í byrjun árs 2008. Vinnuhópur var skipaður sem skyldi annast umsjá skólastefnunnar. Hann skipuðu þrjú fulltrúar úr fræðsluráði, þau Elly Erlingsdóttir (S), Rósa Guðbjartsdóttir (S) og Gestur Svavarsson (VG). Með þeim störfuðu þá starfsfólk á Skólaskrifstofu við endurskoðunina. Fyrri hluta árs 2008 var áhersla vinnuhópsins á að afla gagna um framkvæmd skólastefnunnar og leita eftir viðhorfum ýmissra aðila sem tengj-

ast skólastarfinu. Í ljósi þeirrar yfirferðar var ákveðið að halda í þá meginuppbyggingu sem skólastefnan hafði árið 2005. Hún skyldi þó endurskoðuð með þau sjónarmið í huga að aðlaga stefnuna að breyttum aðstæðum, t.d. að taka út verkefni sem augljóslega höfðu komist í framkvæmd og leggja þá ný til í staðinn. Auk þess var tekið tillit við endurskoðunina til nýrra laga um leikskóla og grunnskóla sem voru samþykkt sumarið 2008. Sú vinna fór fram haustið 2008.

Það var svo á síðasta fundi fræðsluráðs, þann 26. janúar sl. að vinnuhópurinn um endurskoðunina kynnti drög að nýrri skólastefnu. Þau fara nú í umsagnarferli til 18. febrúar nk. Allar ábendingar og athugasemdir við skólastefnu-

drögin verða kynntar í fræðsluráði eftir mánuð (23.2.). Allar ábendingar fara síðan til úrvinnslu vinnuhópsins sem gerir væntanlega tillögu að skólastefnu 2009 til fræðsluráðs til samþykktar í framhaldinu. Ný skólastefna ætti þá að vera klár með vorinu.

Allar ábendingar við skólastefnu drögin skulu sendar Magnúsi Baldurssyni fræðslustjóra á netfangið magnusb@hafnarfjordur.is. Skólastefnu drögin á pdf-sniði, með sam- anburði við skólastefnuna 2005, má nálgast á vef bæjarins (www.hafnarfjordur.is). Frétt um endurskoðunina var sett á vefinn í byrjun vikunnar með krækju í skólastefnu drögin sjálf.

Námskeiðahald fyrir kennara til vors

Skólaskrifstofan hefur gefið út námskeiðsbækling fyrir námskeið fyrir kennara vorið 2009. Námskeiðin eru sett á með fjárstuðningi úr endurmenntunarsjóði grunnskóla. Þetta eru 17 ný námskeið og fræðslufundir. Flest námskeiðanna eru

haldin á mánudögum kl. 15-17 sem er frátekinn tími til endurmenntunar í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Námskeiðin skiptast í þrjú flokka. Þetta er námskeið um (1) lestur og lesskilning, (2)



verk- og listgreinar og upplýsingatækni og (3) um kennslu nemenda með sérþarfir. Þess utan er svo námskeiðahald og

fræðsla á vegum PMT. Námskeiðin eru mislönng, eða frá tveimur tímum upp í 16 tíma

auk styttri fræðslufunda. Námskeiðsbæklinginn er hægt að nálgast í pdf-sniði á vef bæjarins (sjá vefslóð hér neðar).

Skráning er hafin á námskeiðin. Eitt námskeið hefst í næstu viku og er það fullt en laus pláss eru enn á öll önnur námskeið og fræðslufyrirlestura sem í boði eru.



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 26. janúar
174. fundur:

- Silvía B. Gústafsdóttir (VG) hættir sem varamaður í fræðsluráði og kemur í hennar stað Júlíus Freyr Theodórsson, Öldugötu 46.
- Lögð voru fram drög að **Að settu marki 2009**, stefnu og starfsskýrslu fræðsluviðs Hafnarfjarðar.
- Lögð voru fram drög að skólastefnu Hafnarfjarðar 2009. Tekið verður við umsögnum til 18. febrúar og þær munu verða kynntar á fundi ráðsins þann 23. feb.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Kennarabók með **Verklegum æfingum í náttúrufræði fyrir miðstig** er komin út. Í bókinni er safn fjölbreyttra æfinga í eðlis og efnafræði. Verkefni eru miðuð við nemendur á miðstigi en geta auðveldlega nýst fyrir önnur aldursstig. Verkefnabókin með þemaheftinu **Dejlige Danmark** er komin út á prenti. Komið er út lífsleikniefið **Að vaxa úr grasi 5** sem er síðasta einingin í flokknum **Að vaxa úr grasi** sem er heildstætt

námsefni til kennslu í lífsleikni í 1. til 5. bekk grunnskóla. Í kennara-möppunni er að finna handhægar kennsluleiðbeiningar og vegvísi fyrir kennara. Prentuð útgáfa að verkefnabók með bókinni **Ísland, veröld til að njóta**, sem er námsefni í landafræði fyrir miðstig grunnskóla, er nýlega komin út.



Myndirnar eru frá Lækjar-skóla, úr starfi heilsdagsskóla þar fyrir stuttu.

Hreyfimyndagerð og kvikmyndaklippingar

Umfjöllun um fríhugbúnað í dag er um margmiðlun, hreyfimyndagerð og kvikmyndaklippingar. Umfjöllunin er engan veginn tæm-andi. Ef þú lumar á fleiri skemmtilegum fríforritum á þessu sviði væri ekki úr vegi að senda ritstjóra línu um slíkt.

1 Hreyfimyndagerð.

Með hreyfimyndagerð er átt við forrit og jafnvel vefþjónustur sem bjóða upp á að setja saman teikningar í hreyfimyndir (nefnt animation á ensku). Það er alltaf að fjölga forritum sem bjóða

upp á slíkt og þá ekki síður vefir sem taka við slíku efni til að miðla fyrir alheim um vefinn. Sjá [Animator dvd simple](#), [Creatoon](#), [K-Sketch](#), [Movies 13](#), [Pencil](#), [Scratch](#).

2 Kvikmyndaklipping-

ar. Hér gefast möguleikar að klippa myndefni (kvikmyndir) saman. Hér er vísað í nokkur forrit sem gera ólíka hluti, þ.e. eru mis fullkomin og henta fyrir ólíka klippivinnu. Finndu það sem hentar þér best. Sjá [Avidemux](#), [Jahshaka](#), [VideoSpin](#), [MovieMaker](#).

3 Tölvuskjámýndasýn-

Fríhugbúnaður

ingar. Þriðji flokkurinn hér eru forrit sem taka upp aðgerðir sem unnar eru á tölvuskjá og gera að kvikmynd. Þetta er sérstaklega gert í ýmsu kennsluefni þar sem verið er að kenna á tölvur til sýnikennslu. Dæmi um slíkt er t.d. að finna á ritvinnsluvefnum RITFÚS hjá Námsgagnastofnun sem kennurum í Hafnarfirði býðst sem grunnnámskeið í ritvinnslu nú í mars. Sjá [CamStudio](#).

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Upplýsingavefur um geðheilsu barna

Umhuga er upplýsingavefur um geðheilsu barna og ungmenna. Hann er hluti forvarnarverkefnis Lýðheilsustöðvar **Þjóð gegn þunglyndi**. Vefurinn hefur þann tilgang að veita á einum stað „upplýsingar um helstu þætti í uppeldi og aðstæðum barna og unglunga sem hafa áhrif á geðheilsu þeirra á uppvaxtarárunum og þá um leið seinna í lífinu.“

VEFSLÓÐ: <http://www.umhuga.is/>

Á vefnum eru upplýsingar um þunglyndi og kvíða og vímuefnafræðslu. Þá eru leiðbeiningar eru um jákvætt uppeldi og bent á meðferðaraðila og itarefni til fróðleiks og hjálpar. Bæði ætlað fagfólki og foreldrum. Einnig er vísað á vefi margra aðila sem vinna að málefnum barna og ungmenna.

Vefhornið



Tilkynning vikunnar

Skráning á námskeið er hafin og námskeiðsbækl-ingur hefur verið sendur til kannara. Munið að senda inn þátttökutilkynningar sem fyrst.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn 6. febrúar 2009